

## Mál nr. 6/2008

### KFG gegn Hamrarnir/Vinir

#### Kæra KFG Dómkröfur

Krafa um að leikur dæmist kæranda í vil sem sigur 3 – 0. Til vara að leikur verði endurtekinn

#### Málavextir

Leikur KFG – Hamrarnir/ Vinir þann 30/05 2008 á Stjörnuvelli í 3 deild B riðli Íslandsmóts. Hamrarnir/ Vinir skrá í leikskýrslu byrjunarlið leikmann nr. 7 Pétur H Kristjánsson sem alls ekki lék leikinn heldur stjórnaði liði Hamrana/ Vina af varamannabekk.

#### Tilvísun

1. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðstjórnar, sbr. þó grein 9.4.
2. 9.3 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi. Í keppni 11 manna liða skal leikmaður bera númer 1 til 30. Félagi er þó heimilt að nota opið númerakerfi í yngri aldursflokkum, og skulu þá númerin vera frá 1 til 99, en í slíku kerfi er æskilegt að hvert númer sé tengt tilteknum leikmanni.

#### Röksemdir

Þar sem umræddur leikmaður lék ekki leikinn en er meðal annars sagður fara af velli á 60 mínútu er algerlega á huldu hver lék sem 11 maður í liði Hamrana/ Vina. Það er algerlega óásættanlegt að ekki liggi ljóst fyrir hverjir léku þennan leik, og óskiljanlegt að leikmaður skuli skráður í byrjunarlið þegar allan tímann var ljóst að viðkomandi væri meiddur og gæti ekki leikið.

#### Sönnunargögn

(gera þarf grein fyrir þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum): Meðfylgjandi er ljósrit af skýrslu leiksins þar sem fram kemur nafn leikmanns nr. 7 Péturs H Kristjánssonar sem eins og áður sagði lék ekki leikinn. Einnig hafa munnlegar skýringar kærða reynst misvísandi, talað um að dómari hafi átt að leiðrétta skýrsluna o.s.f.v. Fyrir liggur einnig munnleg viðurkenning Hamrana/ Vina á að umræddur leikmaður hafi ekki leikið. En ekki nein haldbær skýring á skráningu leikmanns í byrjunarlið.

#### Vitni

Halldór Ragnar Emilsson  
Kennitala: 190986-2769  
Heimilisfang: Heiðarlundur 21. 210 Garðabæ

Lárus Guðmundsson

Kennitala: 121261-5109  
Heimilisfang: Bæjargil 98. 210 Garðabæ

Virðingarfyllst,  
f.h. KFG  
Lárus Guðmundsson

### **Greinargerð Hamranna/Vina**

Aðalkröfur kærðu er að málinu verði vísað frá. Kærðu gera einnig þá kröfu að fá útlagðan kostnað greiddan. Kröfu sinni til stuðnings vísa kærðu í neðangreindar röksemdir og reglugerðarákvæði.

- Málið er algjörlega vanreifað. Kæran er óskiljanleg og getur ekki varðað öðru en frávísun, annað myndi stofna réttaröryggi aðildarfélaga KSÍ í verulega hættu. Mál sem eru vanreifuð er vísað frá á þeim grundvelli að kæran sé svo óskýr að erfitt sé fyrir kærðu að átta sig á því hver hin meinta brotlega háttsemi er og því sé erfitt að halda uppi vörnum.
- Í kærinni er ófullnægjandi tilvísun til reglugerðarákvæða. Í ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál nr. 7.2.6. kemur skýrlega fram að vísa skuli til þeirra reglugerðar- og lagaákvæða sem byggt er á í málinu. Það er augljóslega ekki gert í kærinni. Hvorki er vísað til reglugerða í heild sinni né númera innan þeirra. Undir númeraliðum 4 og 5 í kærinni virðist vera gerð einhvers konar tilraun til tilvísunar sem fullnægir engan vegin kröfum um réttaröryggi og ólíðandi fyrir kærðu ef þeir verða látnir verjast kæru sem er svona efnislega rýr og óskýr. Telja kærðu því að vísa beri kærinni frá, sbr. ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál nr. 7.3.
- Dómkröfur kærðu eru algjörlega órökstuddar og eiga sér engan grundvöll innan regluverks KSÍ. Varla er hægt að krefjast þess að vera dæmdur sigur í kappleik án þess að vísa í viðeigandi reglugerðarákvæði sem gefa aga- og úrskurðarnefnd heimild til þess að breyta úrslitum leiks. Draga kærendur reyndar stórlega í efa að aga- og úrskurðarnefnd hafi heimild til þess að haggja við úrslitum leiksins á þeim málsástæðum kærendur láta uppi í kærinni. Er þetta enn ein frávísunarástæða kærðu, þ.e. að dómkröfur kærenda séu einfaldlega rangar og eigi bara ekki við í málinu. Kærðu telja dómkröfur kærenda einfaldlega ekki geta átt við um hið meinta brot kærðu, að þeim ástæðum einum beri að vísa henni frá.
- Kærðu velta upp þeirri spurningu hvort að þeir hafa fengið senda ranga útgáfu af kæru, hún er augljóslega ekki fullkláruð og líklega uppkast sem kærandi hefur óvart sent, liggi mistökin hjá KSÍ gera kærðu þá kröfu að fá lokaútgáfu kærunnar sem fyrst í hendurnar, liggi hugsanleg mistök hjá kærendum verða þeir að bera hallann af því, enda er þá kærufresturinn liðinn. Ef ekki er um að ræða mannleg mistök, beina kærðu þeim vinsamlegu tilmælum til kærenda að fá einhvern annan til að semja fyrir sig skjöl sem lúta formkröfum í framtíðinni.
- Kærðu gera jafnframt þá kröfu með vísan í ákvæði 12.1.4. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarnefnd, að kærendur greiði kærðu kostnað þeirra vegna málsins enda er málsgrundvöllurinn tilefnislaus. Hvað varðar fjárhæð kostnaðarins felur kærði það virðulegri aga- og úrskurðarnefnd að meta. Jafnframt áskilur fyrirsvarsmaður kærða með vísan í nefnt reglugerðarákvæði nr. 12.1.4. rétt til að krefjast vinnutaps úr hendi kærenda komi til munnlegs málflutnings málsins og fari hann fram fyrir kl. 17 á daginn. Mun fyrirsvarsmaður leggja fram vottorð frá vinnunveitanda um tapaðan vinnutíma gerist þess þörf. Kæran er augljóslega tilefnislaus, við einfaldan lestur á regluverki og dómafordæmum hefði kærandi geta sagt sér að kæra hans á sér engan grundvöll þar sem að hún er tilefnislaus. Er það lágmarkskrafa að kærðu fái einhverjar fébætur fyrir ómak sitt og einnig er vert að benda á það að verði kærendur látnir greiða kærðu kostnað þá myndi það hafa varnaðaráhrif gegn því að aðildarfélög KSÍ misnoti nauðsynleg réttarræði með tilefnislausum og illa ígrunduðum

kærum. Ítrekar kærði með vísan í framangreint þá kröfu sína um að fá greiddan útlagðan kostnað vegna málsins.

Reglugerðarákvæði frávísunarkröfu:

- Ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál nr:
  - o 7.2.6.
  - o 7.3.
  - o 12.1.4.

---

**Komi svo ólíklega til að óbreytt kæra verði tekin efnismeðferðar eru varakrafa kærðu tilgreind hér að neðan:**

**Til vara gera kærðu þá kröfu að vera sýknaðir af dómkröfum kæranda og að úrslit leiksins standi. Kröfu sinni til stuðnings vísa kærðu til eftirfarandi röksemda, fordæma og reglugerðarákvæða:**

- Málsatvikum er að hluta lýst rétt í kæru. Þar er réttilega bent á að Pétur Kristjánsson leikmaður og þjálfari Hamranna/Vina var nr. 7 í leiknum og var ónotaður varamaður í umræddum leik þó svo að hann hafi verið fyrir mistök skráður sem byrjunarliðsmaður. Heimir Björnsson leikmaður Vina/Hamranna sem var nr. 15 í umræddum leik og var hinn endinn á mistökunum, þ.e. að hann var skráður sem varamaður þó svo að hann hafi byrjað leikinn.
- Allir leikmenn Vina/Hamranna voru löglegir í þessum leik og allir voru skrifaðir á skýrsluna, ásamt því að sjálfsögðu að númerin sem hver leikmaður bar á búningi sínum passaði við númerin sem voru við þá á skýrslunni. Hvað varðar orðræðu kæranda í númeralið 6 í illskiljanlegri kæru þeirra þá var greinilegt hvaða 11 leikmenn Hamranna/Vina voru inn á vellinum hverju sinni og óumdeilt að þeir eru allir skráðir í Hamrana/Vini og voru allir með heimild til þess að taka þátt í umræddum leik. Hvað varðar þá staðreynd að leikmaður nr. 7 er sagður hafa farið út af á 60. mínútu á leikskýrslu, þá er það mistök dómarsins, en ekki kærðu.
- Kærðu vilja taka það skýrt fram að þeir harma þau mannlegu mistök sem þeir gerðu með því að gera ekki viðeigandi merkingar á leikskýrslu sem gefi til kynna að leikmaður nr. 15 var í byrjunarliði en ekki leikmaður nr. 7.
- Hvað varðar fullyrðingar kæranda undir númeralið 7 í kæru þeirra þá vilja kærðu taka það fram að munnlegar skýringar nefnds Pétur Heiðars (leikmanns nr. 7) hafa á engan hátt verið misvísandi. Aðstoðardómari nr. 1 kom að máli við hann eftir leik og vakti athygli á þessum leiðu mistökum og harmaði Pétur það mjög og kvaðst þá aðstoðardómariinn muna leiðrétta þau á skýrslunni og “þetta væri ekkert mál”, svo tekið sé upp beint orðalag hans. Skýringar kærðu á því af hverju nefndur Pétur Heiðar lék ekki leikinn hafa alltaf verið einfaldar, hann var einfaldlega ónotaður varamaður í leiknum og fyrir mistök var hann skráður byrjunarmaður á skýrslu.
- Kröfu sinni til stuðnings um að vera sýknaðir af dómkröfum kæranda í leiknum vilja kærðu vísa til dóms knattspyrnudómstóls Reykjaness í máli nr. 5/1999 í máli Stjórnunnar gegn FH. Urðu þar einnig mannleg mistök við skýrslugerð, lá þó ljóst fyrir í málinu að lið kærðu var ekki ólöglega skipað í leiknum. Voru kærðu sýknaðir af kröfum kæranda á málinu með eftirtöldum rökum áfrýjunardómstóls KSÍ:

*“Í máli þessu liggur fyrir að nafn leikmannsins Jóns Gunnars Gunnarssonar var tvískráð á leikskýrslu en nafn Jónasar Grana Garðarssonar var þar ekki skráð. Leikskýrslan var vegna þessara mistaka ekki rétt fyllt út í samræmi við gr. 2.3.1 í*

*reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Jafnframt liggur fyrir að Jónas Grani Garðarsson var hlutgengur til leiks með FH í umræddum leik og var ekki í leikbanni. Þátttaka Jónasar Grana í leiknum og mistök við útfyllingu leikskýrslunnar leiddu ekki til þess að lið FH hafi verið ólöglega skipað í leiknum. Með vísan til þessa eru ekki forsendur til þess að fallast á kröfu áfrýjanda um að dæma leikinn tapaðan fyrir FH skv. grein 4.4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og er hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.”*

**Vitni:**

Fari málið til efnismeðferðar vilja kærðu kveða til eftirgreind vitni:

Pétur H. Kristjánsson, (leikmaður nr. 7). Þjálfari og leikmaður Hamranna/Vina.  
Björn Már Ólafsson, kt. 250590-2889. Aðstoðardómari 1.

**Áskilnaður:**

Vegna vanreifaðrar kæru kæranda áskilja kærðu sér rétt til þess að koma með frekari málsástæður og lagarök við munnlegan málflutning ef til hans kemur. Jafnframt áskilja kærðu sér rétt til þess að spyrja nefnd vitni kæranda við aðalmeðferð málsins ef til hennar kemur.

Fyrirsvarsmenn Hamranna/Vina:

Halldór Oddsson

[Hao1@hi.is](mailto:Hao1@hi.is)

Gsm: 8994445

Sigurður F. Sigurðsson

**Úrskurður Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2008, þriðjudaginn 1. júlí, er fundur haldinn í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík af nefndarmönnum Sigurður I. Halldórssyni, Gunnar Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2008

GKG

gegn

Hömrnum/Vinum

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**Ú R S K U R Ð U R**

**I.**

Kærandi:

GKG, kt. 710308-1870  
Bæjargili 98  
210 Garðabæ

Fyrirsvarsmaður: Lárus Guðmundsson

Kærði:

Hamrarnir/Vinir, kt. 630106-1920  
Hrísalundi 4b  
603 Akureyri  
Fyrirsvarsmaður: Halldór Oddsson

Kröfur:

Kærandi krefst þess að GKG verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti karla 3. deild sem fram fór þann 30. maí s.l. Til vara er þess krafist að leikurinn verði endurtekinn.

Kærði krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá en til vara er krafist sýknu og að úrslit leiksins standi. Jafnframt krefst kærði þess að fá greiddan útlagðan kostnað vegna málsins.

## II.

Frávísun.

Aðalkrafa kærða í máli þessu er sú að málinu verði vísað frá þar sem það sé algjörlega vanreifað og kæran sé óskilanleg og svo óskýr að erfitt sé fyrir kærða að átta sig á því hver hin meinta brotlega háttsemi sé og því erfitt að halda uppi vörnum. Vitnar kærði í því sambandi í ákvæði 7.2.6 og 7.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Taka má undir það með kærða að kæran er nokkuð illa fram sett og mætti vera skýrari en það er mat nefndarinnar að vankantarnir séu ekki það miklir að það varði frávísun. Er því aðalkröfu kærða um frávísun málsins því hafnað.

## III.

Málsatvik og árgreiningsefni:

Málavextir eru skv. kæranda þeir að í leik liðanna sem fram fór á Stjörnuvelli þann 30. maí s.l. í 3. deild B riðli Íslandsmótsins er skráður á leikskýrslu í byrjunarliði kærða leikmaður nr. 7 Pétur Kristjánsson en sá leikmaður lék ekki leikinn heldur stjórnaði liði Hamranna/Vina af varamannabekk. Þar sem umræddur leikmaður lék ekki leikinn sé algerlega á huldu hver lék sem 11. maður í liði Hamranna/Vina. Slíkt sé algerlega óásættanlegt.

Kærði staðfestir að leikmaður nr. 7 Pétur Kristjánsson hafi verið ónotaður varamaður í umræddum leik þó svo að hann hafi verið fyrir mistök skráður sem byrjunarliðsmaður. Heimir Björnsson leikmaður Hamranna/Vina sem var nr. 15 í umræddum leik var hins vegar skráður varamaður en hafi byrjað leikinn.

#### IV.

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að leikmaður nr. 7 Pétur Kristjánsson lék ekki umdræddan leik þrátt fyrir að vera skráður sem byrjunarliðsmaður. Jafnframt liggur fyrir að leikmaður nr. 15 Heimir Björnsson hóf leikinn þrátt fyrir að vera á leikskýrslu skráður sem varamaður. Leikskýrslan var því augljóslega ekki rétt fyllt út í samræmi við gr. 9.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Jafnframt liggur fyrir að leikmaður nr. 15 Heimir Björnsson sem lék leikinn var hlutgengur til leiks með kærða í umræddum leik og var ekki í leikbanni.

Þátttaka hans í leiknum og mistök við útfyllingu leikskýrslunnar leiddi ekki til þess að lið Hamranna/Vina hafi verið ólöglega skipað í leiknum. Með vísan til þessa eru ekki forsendur til þess að fallast á kröfu kæranda um að dæma leikinn tapaðan fyrir Hamrana/vini eða láta endurtaka leikinn.

Ekki er fallist á kröfu kærða um að fá greiddan útlagðan kostnað vegna málsins.

#### V.

Úrskurðarorð

Hamrarnir/Vinir eru sýknaðir af kröfum KFG.

Helgi R. Magnússon

Gunnar Guðmundsson

Sigurður I. Halldórsson

Um áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er festur til að áfrýja máli til Áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.